

Pegasus ehf
Sóltúni 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2021
UST202102-394/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til myndatöku og aksturs utan vega

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus ehf, dagsett 23. mars 2021 með viðbótargögnum dagsett 8. og 14. mars 2021, um leyfi til myndatöku í Herdísarvík, kvikmyndatöku og akstur utan vega innan Reykjanesfólkvangs og við Skógafoss og akstur utan vega í Reynisfjöru og við Hjörleifshöfða vegna kvikmyndatöku.

Herdísarvík er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 121/1988. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án leyfis Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða skaða varp.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Tökuáætlun þar sem fram kemur mannaflapörf fyrir hvern þátt í verkefninu, mótvægisáðgerðir, nánari útlistun á leikmynd og kort yfir athafnasvæði kvikmyndataka í Herdísarvík, Reykjanesfólkvangi og við Skógafoss fylgdi með umsókn. Í Herdísarvík er ráðgert að mynda í Eldhrauni við Herdísarvík. Engin leikmynd verður byggð á svæðinu. Mottur verða lagðar yfir mosann til að hlífa honum á athafnasvæðum. Í Reykjanesfólkvangi er ráðgert að mynda á tveimur stöðum við Kleifarvatn og setja upp leikmyndir í fjöruborðið. Við norðurenda vatnsins er óskað eftir leyfi til að keyra sexhjól með búnað frá athafnasvæði við Lambhagatjörn að rótum fellsins norðaustan við vatnið ef hentug leið finnst. Á tókustað við vesturströnd vatnsins er óskað eftir að fá að koma bílum fyrir í fjörunni sunnan við tókustaðinn. Við Skógafoss er ráðgert að tókur fari fram á áreyrum framan við fossinn. Færa

þarf til grjót og koma fyrir mottu sem verður hulin sandi. Til að framleiða rafmagn fyrir tækjabúnað er óskað eftir leyfi til að fá að keyra 7 tonna truck með rafstöð inn á áreyrarnar sem yrði staðsettur þar meðan tókur fara fram. Til vara er óskað eftir leyfi til að keyra með tvær 100 kg rafstöðvar á sexhjólum inn á áreyrarnar. Óskað er eftir leyfi til að keyra tvö sexhjól eftir áreyrum Skógaár að tókustað framan við fossinn til að ferja þungan kvikmyndabúnað. Kort sem sýnir akstursleið sexhjóla og rafstöðvar fylgdi með umsókn. Drónum verður flogið yfir alla tókustaðina í 2-120 metra hæð á meðan tókur fara fram. Kort sem sýnir flugleið dróna við Skógafoss fylgdi með umsókn. Við Kleifarvatn og Skógafoss er óskað eftir leyfi til að fá að loka þeim svæðum sem tókur fara fram á meðan tókurnar eru í gangi. Tryggt verður að gönguhópar komist framhjá tókustað við Skógafoss. Við Herdísarvík, Kleifarvatn og Skógafoss munu fara fram ljósmyndatökur þegar kvikmyndatökunum lýkur. Við Reynisfjöru er óskað eftir leyfi til að aka 6 jeppum niður í fjöru til að flytja búnað vegna kvikmyndatökunnar. Við Hjörleifshöfða er óskað eftir leyfi til að aka utan vega til að komast að tókustað. Kort sem sýnir akstursleiðir við Reynisfjöru og Hjörleifshöfða fylgdi með umsókn. Undirbúningur, tókur og frágangur fara fram á tímabilinu 19. - 22. mars 2021.

Áhrifamat:

Umhverfisstofun metur að verkefnið muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins við Herdísarvík en áhrifin verða staðbundin við gönguleið sem liggur um svæðið. Umhverfisstofnun metur að tókurnar muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúrufar við Kleifarvatn. Stofnunin metur þó að lokun svæðisins muni hafa neikvæð áhrif til skamms tíma á upplifun gesta á svæðinu. Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúruvættið Skógafoss til lengri tíma litið. Til skammst tíma getur verkefnið haft neikvæð áhrif á fuglalíf í gílinu framan við fossinn, ásýnd og upplifun gesta svæðisins. Akstur trucksins með rafstöðinamun hafa verulega neikvæð áhrif á svæðið og slíkur akstur muni marka svæðið varanlega. Umhverfisstofnun metur að akstur utan vega við Reynisfjöru og Hjörleifshöfða hafi ekki neikvæð áhrif á svæðin til lengri tíma litið. Umhverfisstofnun telur að sé skilyrðum leyfis fylgt sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins við Hjörleifshöfða, Herdísarvík, Kleifarvatn, Reynisfjöru og Skógafoss.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Pegasus fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku og akstri utan vega innan Reykjanesfólkvangs, við Herdísarvík, Skógafoss, Hjörleifshöfða og Reynisfjöru sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 19. – 22. mars 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

Undanskilið er að beiðni um leyfi til að aka 7 tonna truck utan vega við Skógafoss er hafnað.

Almenn skilyrði

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðunum hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara. Vakin er athygli á því að tilkynna þarf sérstaklega fyrir hvert svæði fyrir sig.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.

- Á öllum tökustöðum skal takmarka skal þann fjölda sem dvelur utan stíga, bílastæða, útsýnispalla og vega við þann fjölda sem þarf að vera þar vinnu sinnar vegna. Aðrir úr tökuliðinu skulu halda sig á stígum, bílastæðum, útsýnispöllum og vegum.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæða skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang á öllum svæðum eftir að verkefninu lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis. Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Akstur utan vega

- Til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar í myndefni.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Drónaflug

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- **Ef fyll situr uppi í klettunum í gilinu framan við Skógafoss þá er óheimilt að fljúga inn í gilið. Meta skal aðstæður með landverði áður en drónar taka á loft.**

Herdísarvík

- Við Herdísarvík er óheimilt að fara inn á óröskuð svæði.
- Við Herdísarvík skal bifreiðum einungis lagt og ekið á gamla Suðurstrandarveginum.

Kleifarvatn

- Takmarka skal þann tíma sem svæði við Skógafoss og Kleifarvatn eru lokuð eins og kostur er. Haga skal lokunum með þeim hætti að þær fari fram á þeim tímum sem fæstir gestir eru á svæðinu.

- Sexhjólin sem notuð eru til að flytja kvikmyndabúnað skulu vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðin við Kleifavatn og Skógafoss, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Leið sexhjóls til að komast að rótum fellsins við norðaustur hluta Kleifarvatn skal ákveðin í samráði við landvörð Umhverfisstofnunar í skoðunarferð um svæðið áður en tókur hefjast.

Skógafoss

- Takmarka skal þann tíma sem svæði við Skógafoss og Kleifarvatn eru lokuð eins og kostur er. Haga skal lokunum með þeim hætti að þær fari fram á þeim tímum sem fæstir gestir eru á svæðinu.
- Sexhjólin sem notuð eru til að flytja kvikmyndabúnað skulu vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðin við Kleifavatn og Skógafoss, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Tryggja skal aðgengi gönguhópa og annara gesta að gönguleiðinni upp á Skógaheiði.
- Við Skógafoss skal einungis aka sexhjólunum eftir fyrirfram skilgreindum akstursleiðum sem koma fram á kortum í umsókn. Óheimilt er að aka yfir svæði þar sem gróður er fyrir. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- **Ef fyll situr uppi í klettunum í giliu framan við Skógafoss þá er óheimilt að fljúga inn í gilið. Meta skal aðstæður með landverði áður en drónar taka á loft.**

Reynisfjara og Hjörleifshöfði

- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði í Reynisfjöru og Hjörleifshöfða.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Umhverfisstofnun bendir á að náttúra og gróður er sérstaklega viðkvæm á þessum tíma árs. Vatnaleysingar eftir veturinn hafa verið fyrir á ferðinni en undanfarin ár og mörg svæði mjög viðkvæm, einkum á Suðurlandi. Því ber að fara gætilega um náttúruna og sýna varúð þegar farið er um svæðin svo gróðri verði ekki spillt.

Við Reynisdranga er auðugt fuglalíf. Sýna skal aðgátt í grennd við fuglabjörgin ef drónar verða notaðir á svæðinu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélaga gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunngjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvikmyndatöku á friðlýstu svæði sé 4 klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar var samtals 20 klukkustundir. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa umframvinnu, þ.e. fyrir 16 klukkustundir á 13.200 hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals **211.200 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur